

**GREINARGERÐ**

Í töflu 20.5 Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Mýrum breytist eftirfarandi:

Fyrir breytingu:

E49 Skinney – klöpp – grjót – hringtákn ~ 1 ha, stærð/flokkur 2, allt að 10.000m<sup>3</sup>

Eftir breytingu:

E49 Skinney – klöpp – grjót – hringtákn ~ 3 ha, stærð/flokkur 3, allt að 30.000m<sup>3</sup>

Til stendur að reisa um 150 m langan varnargarð frá Suðurfjörutanga út í Einholtskletta. Framkvæmdin er liður í að hamla sandburði úr vestri en mælingar sýna að dýpi hefur minkað í Grynslum síðan mælingar voru gerðar árið 2015.

Grjótið í sjóvröminna sem byggð var á Suðurfjörutanganum árið 1991 var unnið úr klöppum við Smyrlabjörg. Þangað er um 30 km vegalengd og yfir jökulá að fara, en áin Kolgríma var þveruð í framkvæmdum árið 1991. Grjótnám úr klöppum við Smyrlabjörg er ekki talinn heppilegur kostur vegna mikilla framkvæmda og rasks sem fylgir akstri á efni. Því hefur verið unnið að því undanfarnin ár að opna fyrir grjótnám nær þar sem ekki er krafist stórgrýtis við gerð varnargarðsins.

Árið 2015 var opnuð námu í klöppum ofan við Skinney og unnið efni til lagfæringar og lengingar sjóvarnar innan á Suðurfjörutanga. Niðurstaða þeirrar vinnslu var að hægt væri að vinna grófan sprengdan kjarna úr klöppunum og grjót í tiltölulega lágu hlutfalli upp í um 1,5 tonn.

**NÁTTÚRU- OG FORNMINJAR**

Ekki eru þekktar fornminjar á fyrirhuguðu efnistökusvæði, skráning skal fara fram áður en efnistaka hefst. Af náttúruminum má finna útfall Hólmsár. Aðgengi að fyrirhuguðu efnistökusvæði er um afleggjara frá hringvegi 1 austan Hólmsár. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

**NÁTTÚRUVÁ**


Svæðið er skv. aðalskipulagi ekki skilgreint sem svæði undir náttúruvá. Hólmsá getur verið mjög vatnsmikil eins og kom fram í miklum rigningum haustið 2017. Efnistöku skal hagað þannig að bakkar námu myndi náttúrulegan varnargarð við lok efnistöku.

**EFNISTAKA**


Náma í Skinney er um 18.000 m<sup>2</sup> og heimil efnistaka er allt að 30.000 m<sup>3</sup>. Svörður verður 1-3 m djúpur. Efnið úr námunni er sprengdur kjarni og verður notaður í varnargarða á Suðurfjörum.

**FRÁGANGUR OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR**

Við upphaf og lok efnistöku skal gps mæla svörð. Frágangur námu skal vera þannig að ekki skapist fallhætta.



Aðalskipulagsuppráttur, mkv. 1:50.000



Hluti af sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

**SKÝRINGAR**

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarškipti
- Ljósleiðari
- Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Jöklar (ólituð svæði) heyrir undir óbyggð svæði [OE]
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Óbyggð svæði [OE]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Strandsvæði [ST]
- Önnur náttúruvernd [ON] númer vísar til skráningar
- Náttúruvá [NV]
- Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs

**Samþykkt og Staðfesting**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í Bæjarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2020

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 2020

\_\_\_\_\_



**Aðalskipulag  
Náma í  
Skinney**

V01	Mækkvæði 1:50.000	Bláskrár A3	Tekning nr. 001
Unnið af Sveitarfélagið Hornafjörður		Dags. 06.01.2020	Teknað af GLG/GR